

**Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
annars vegar**

og

VM

hins vegar

gera með sér svofellt

SAMKOMULAG

um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila

vegna Hafrannsóknastofnunar

Inngangur

Aðilar eru sammála um að vinna áfram með öðrum aðilum vinnumarkaðarins að sameiginlegum markmiðum, svo sem lægri verðbólgu, auknum kaupmætti og stöðugleika í íslensku efnahagslífi til lengri tíma. Þá er einnig markmið að stuðla að bættum vinnubrögðum við samningagerð meðal annars til að skapa samfelli og einfalda og samræma kjarasamninga auk þess sem lögð verði áhersla á að nýr kjarasamningur taki við af eldri samningi.

**1. gr.
Gildistími**

Í ljósi mismunandi upphafstíma kjarasamninga á hinum almenna vinnumarkaði skal gildandi kjarasamningur aðila framlengjast frá 1. mars 2014 til 30. apríl 2015 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og falla þá úr gildi án frekari fyrirvara.

**2. gr.
Launahækkanir**

Laun samkvæmt grein 1.1.1 hækki sem hér segir:

1.3.2014: 2,8% eða 8.000 kr. að lágmarki fyrir dagvinnu miðað við fullt starf. Á launataxta lægri en 230.000 kr. komi sérstök hækjun til viðbótar um 1.750 kr.

Við samþykkt kjarasamnings greiðist sérstök eingreiðsla, 14.600 kr., miðað við fullt starf, hverjum starfsmanni sem var við störf í febrúar 2014 og er enn í starfi 1. mars 2014. Upphæðin greiðist hlutfallslega miðað við starfstíma og

starfshlutfall í febrúar. Eingreiðslan nær til allra starfsmanna í föstu ráðningarsambandi utan þeirra sem eru í launalausu leyfi.

- 1.4.2015: Eingreiðsla 20.000 kr. miðað við þá sem eru í fullu starfi í febrúar 2015. Þeir sem eru í hlutastarfi og/eða hafa starfað hluta úr mánuði skulu fá hlutfallslega greiðslu. Eingreiðslan nær til allra starfsmanna í föstu ráðningarsambandi utan þeirra sem eru í launalausu leyfi.

Lágmarkstekjur fyrir fullt starf skv. kjarasamningum skulu ekki vera lægri en 214.000 kr. á mánuði frá 1. febrúar 2014 fyrir starfsmenn 18 ára og eldri sem starfað hafa fjóra mánuði samfellt hjá sömu stofnun.

**3. gr.
Persónuuppbót og orlofsuppbót**

Persónuuppbót (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2014 73.600 kr.

Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2014 39.500 kr.

**4. gr.
Framlagning vaktskrár**

- 2.6.2 Þar sem unnið er á reglubundnum vöktum, skal vaktskrá er sýnir væntanlegan vinnutíma hvers starfsmanns, lögð fram mánuði áður en fyrsta vakt samkvæmt skránni hefst nema samkomulag sé við starfsmenn um skemmri frest. Ef vaktskrá er breytt með skemmri fyrirvara en 24 klst., skal viðkomandi starfsmanni greitt aukalega 3 klst. í yfirvinnu. Sé fyrirvarinn 24-168 klst. (ein vika) skal greiða 2 klst. í yfirvinnu.

Hér er eingöngu átt við breytingu á skipulagðri vakt en ekki aukavakt.

Taki starfsmaður vakt umfram vinnuskyldu, með minna en 24. klst. fyrirvara á tímabilinu kl. 17:00-24:00 á föstudögum, kl. 24:00-08:00 mánudaga til föstudaga, kl. 00:00-24:00 laugardaga, sunnudaga og sérstaka fríðaga, sbr. gr. 2.1.4.2 miðað við 8 klst. vakt, skal greiða 2 klst. í yfirvinnu og hlutfallslega fyrir lengri eða styrti vaktir.

**5. gr.
Vinnusókn og ferðir**

- 5.4.4 Þær stofnanir sem staðsettir eru a.m.k. 1,5 km utan ytri marka næsta þéttbýlis skulu, í stofnanasamningi skv. kafla 11, semja um greiðslur ferðakostnaðar fyrir þá starfsmenn sem ekki búa á staðnum.

6. gr.
Atkvæðagreiðsla

Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt bókunum og fylgiskjölum, upp til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 16:00 þann 20. júní 2014 skoðast hann samþykktur.

Reykjavík, 19. júní 2014

f.h. fjármála- og efnahagsráðherra
með fyrirvara um samþykki

Guðmundur G. Guðmundsson (sign.)
Pétur Jónasson (sign.)

f.h. VM
með fyrirvara um samþykki félagsmanna

Guðmundur Ragnarsson (sign.)
Halldór Arnar Guðmundsson (sign.)

**Bókanir með kjarasamningi
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
og
VM
vegna Hafrannsóknastofnunar
dags. 19. júní 2014**

Bókun 1

Framlag til fræðslu- og starfsmenntunar

Sérstakt framlag til fræðslu- og starfsmenntunar 0,1% kemur til framkvæmda 1. júní 2014.

Bókun 2

Aðilar eru sammála um að á samningstímanum verði unnið að frekari útfærslu á gerð og framkvæmd stofnanasamninga.

Í því augnamiði munu aðilar standa fyrir sameiginlegri fræðslu fyrir stjórnendur stofnana og fulltrúa stéttarfélaga í samstarfsnefndum um gerð stofnanasamninga. Markmiðið er að fulltrúar beggja vegna borðsins fái sameiginlegan skilning á markmiðum og uppbyggingu samninganna.

Stýrihópur skipaður fulltrúum ríkisins, stéttarfélaga og fulltrúa frá Félagi forstöðumanna ríkisstofnana hefur umsjón með gerð námsskrár og skipulagningu fræðslunnar. Leitað verði eftir sem víðtækastri samvinnu um verkefnið.

Bókun 3

Vegna komandi viðræðna um næsta samning Hafró munu aðilar, á tíma viðræðuáætlunar, fara yfir launasamsetningu vélstjóra með fulltrúum stofnunar.

Fylgiskjal 1
með kjarasamningi
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
og
VM
vegna Hafrannsóknastofnunar
dags. 19. júní 2014

Efnahagsleg markmið og nýtt samningalíkan

Við gildistöku samnings þessa hefjast viðræður um endurnýjun kjarasamninga sem taki gildi við lok samnings þessa. Unnið verður eftir viðræðuáætlun sem fylgir samningi þessum og í samræmi við eftirfarandi forsendur og markmið:

Efnahagsumgjörð

Verðbólga hefur verið miklu meiri og sveiflukenndari hér á landi en í viðskiptalöndum okkar áratugum saman. Mikil verðbólga veldur margvíslegu tjóni. Verðskyn slævist, aðhald að verðlagi og samkeppni minnkar og fjárhagsáætlanir bregðast. Síðast en ekki síst veldur mikil verðbólga háum vöxtum. Verðbólgan dregur þannig úr skilvirkni og samkeppnishæfni atvinnulífsins og heldur niðri lífskjörum fólksins í landinu. Samningsaðilar vilja ná víðtækri samstöðu um að rjúfa þennan vítahring.

Með yfirlýsingum ríkisstjórnarinnar dags. 15. nóvember 2013 var komið á samstarfsvettvangi milli aðila vinnumarkaðar og stjórvalda þar sem unnið verður að því að markmið samnings þessa nái fram að ganga. Á þessum samráðsvettvangi munu aðilar samnings þessa og stjórnvöld leggja grunn að því að koma á varanlegum efnahagslegum og félagslegum stöðugleika. Aðilar vinnumarkaðar, stjórnvöld og Seðlabankinn bera sameiginlega ábyrgð á því að koma á og viðhalda efnahagslegum stöðugleika. Mikilvægt er að ábyrgðarskipting milli einstakra aðila verði skilgreind betur en hingað til hefur verið gert.

Efnahagslegur stöðugleiki stuðlar að bættri framleiðni sem er forsenda aukins kaupmáttar. Meginmarkmið kjarasamninga er aukinn kaupmáttur og stöðugt verðlag. Heildarsamtök á vinnumarkaði hafa sameiginlega unnið að greiningu og endurskoðun á vinnubrögðum við gerð kjarasamninga til að þeir styðji framangreind markmið.

Í því felst:

- a) að launabreytingar, hvort sem þær eru kjarasamnings- eða einstaklingsbundnar, samrýmist stöðugu verðlagi,
- b) að gengi krónunnar verði sem stöðugast, bæði innan hvers árs og milli ára,
- c) að stöðugra efnahagsumhverfi stuðli að sambærilegum vöxtum og í nágrannalöndunum.

Aðgerðir til stuðnings kaupmætti

Forsenda þess að unnt verði að gera kjarasamninga til a.m.k. tveggja ára fyrir lok samningstímans er að mótuð hafi verið ný peningamálastefna sem stefna stjórvalda í efnahags- og félagsmálum styður á hverjum tíma. Í þeirri vegferð er mikilvægt að verðbólgu markmið ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans, 2,5%, náist á árinu 2014. Hjöðnun verðbólgu krefst samstillingar ákvarðana á vinnumarkaði, í fjármálum ríkis og sveitarfélaga og í peningamálum.

Fylgiskjal 1 (bls. 2)
með kjarasamningi
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
og
VM
vegna Hafrannsóknastofnun
dags. 19. júní 2014

Samningsaðilar skulu á gildistíma þessa kjarasamnings fjalla um og fylgja eftir aðgerðum til stuðnings þessum markmiðum. Eftirfarandi aðgerðum er ætlað að styrkja markmið samningsins um aukinn kaupmátt, hjöðnun verðbólgu og lækkun verðbólguvæntinga almennings, fyrirtækja, opinberra aðila og aðila á fjármálamaðra:

- a) Gengið er út frá því að ákvarðanir um hækjun krónutölugjalda í fjárlögum ríkisins og gjaldskráa ríkis og sveitarfélaga, auk fyrirtækja í þeirra eigu, vegna ársins 2014 samrýmist stöðugu verðlagi.
- b) Gengið er út frá því að fyrirtæki gæti ýtrasta aðhalds í verðákvörðunum sínum í ljósi kostnaðaráhrifa þessa samnings og þeirra breyttu verðbólguvæntinga sem honum er ætlað að stuðla að.
- c) Aðilar samningsins munu í samstarfi við stjórnvöld leita leiða til að takmarka hvers kyns sjálfvirka verðuppfærslu viðskiptasamninga og gjaldskráa fyrirtækja og stofnana.
- d) Aðilar samningsins munu í samstarfi við stjórnvöld beita sér fyrir endurskoðun á vörugjöldum og tollum með lækkun verðlags að markmiði.
- e) Aðilar samningsins munu sameiginlega og hvor í sínu lagi beita sér fyrir verðstöðugleika og aðhaldi í verðlagsmálum.

Aðilar samningsins ganga út frá því að heildarlaunabreytingar á samningstímanum samrýmist verðbólguvarkmiðinu, 2,5%. Í því felst það markmið að hækjun launavísitölu Hagstofu Íslands verði innan við 4% á árinu 2014. Það felur í sér að við framkvæmd kjarasamninga á árinu 2014 verði launabreytingar ekki umfram það sem leiðir af kjaratengdum ákvæðum þessa kjarasamnings, samningsbundinni réttindaávinnslu og starfsþróun.

Nýtt íslenskt samningalíkan

Heildarsamtök á vinnumarkaði hafa sameiginlega greint skipulag vinnumarkaðar, undirbúning og gerð kjarasamninga á Norðurlöndunum með það að markmiði að móta nýtt íslenskt kjarasamningalíkan að norrænni fyrirmynnd eftir því sem aðilar verða ásáttir um. Helstu einkenni norræna líkansins eru; atvinnugreinasamningar milli samtaka atvinnurekenda og samfloks stéttarfélaga (kartela) sem taka til allra starfsmanna fyrirtækja í viðkomandi grein; svigrúm fyrir launabreytingar ræðst af samkeppnishæfni og sjálfbærni greina í alþjóðlegri samkeppni; fastmótað samspil launaákvvarðana á almennum og opinberum vinnumarkaði; miðlægir samningar um kostnaðarramma sem útfærðir eru í nærsamningum.

Aðilar eru sammála um að fyrstu aðgerðir í þessa veru verði sem hér segir:

Fyrir lok 2014 munu aðilar flokka einstaka kafla, eða ákvæði kjarasamninga, sem aðilar telja eðlilegt að fjallað sé um á vettvangi heildarsamtaka, eða á vettvangi afmarkaðra hópa stéttarfélaga eða á vettvangi hvers félags fyrir sig. Í framhaldi af því verði teknar upp viðræður

Fylgiskjal 1 (bls. 3)
með kjarasamningi
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
og
VM
vegna Hafrannsóknastofnun
dags. 19. júní 2014

um það hvort gera skuli sérstakan samning milli aðila um þessa flokkun og skilgreint hvernig og hverjir skuli eiga aðkomu að umfjöllun á hverju stigi.

Í tengslum við umræður um launalið kjarasamninga munu aðilar ræða hvernig samsplil launaákvvarðana á almennum og opinberum vinnumarkaði verði metið til að launaþróun milli markaða haldist í hendur.

Fylgiskjal 2
með kjarasamningi
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
og
VM
vegna Hafrannsóknastofnun
dags. 19. júní 2014

Viðræðuáætlun

1. Markmið

Aðilar munu ekki síðar en tveimur vikum eftir samþykkt samninga hefja viðræður vegna þeirra kjarasamninga sem framlengdir eru með samningi þessum og gilda til 30. apríl 2015 með það fyrir augum að ljúka gerð nýrra samninga fyrir þann tíma. Markmið þeirra verði vaxandi kaupmáttur, efnahagslegur stöðugleiki og lág verðbólga, bætt samkeppnisstaða atvinnulífsins og stöðugt gengi krónunnar. Aðilar eru sammála um mikilvægi þess að skapa raunhæfar væntingar í samfélagini til mögulegs ávinnings af kjarasamningum.

2. Launatölfræði og efnahagsupplýsingar

Í maí 2014, eða eins fljótt og auðið er, munu samningsaðilar kortleggja samningsniðurstöður á samningssviði aðila og leggja mat á framkvæmd og áhrif samninganna á grundvelli gagna frá Hagstofu Íslands. Í þeiri vinnu verður einnig litið til undangenginna tveggja samningstímabila. Niðurstöður verði gefnar út í skýrslu.

Skyrslan „Í aðdraganda kjarasamninga – efnahagsumhverfi og launaþróun“ frá október 2013 sem unnin var af samningsaðilum á opinberum- og almennum vinnumarkaði verður uppfærð fyrir lok september 2014.

3. Sérmál önnur en launaliðir

Viðræður einstakra samningsaðila um breytingar á þeim ákvæðum gildandi kjarasamninga sem ekki varða launalið verði skipulagðar um einstaka þætti þannig að viðræður um sömu eða skylda þætti fari fram á sama tíma milli allra samningsaðila. Kröfur komi fram fyrir lok 2014.

4. Endurskoðun viðræðuáætlunar

Fyrir lok 2014 skulu aðilar sameiginlega meta stöðu viðræðna og þörf fyrir endurskoðun viðræðuáætlunar. Þar skal tekin afstaða til þess hvort óskað er milligöngu ríkissáttasemjara.

5. Launaliðir

Viðræður um launaliði hefjist í febrúar 2015 á grundvelli krafna sem þá skulu vera komnar fram. Jafnframt verða aðrir þættir kjarasamninga ræddir að því marki sem lausn ágreiningsefna um þá kann að tengjast samningum um launaliði eða hafi áhrif á heildarkostnaðaráhrif kjarasamnings.

6. Fyrirkomulag samningaviðræðna

Fundir skulu að jafnaði haldnir í húsakynnum ríkissáttasemjara nema samkomulag verði um annað. Fundir verði skráðir sem og efni þeirra og framlögð gögn.

7. Fundaáætlun / tímasett markmið

Þegar kröfur liggja fyrir geri aðilar áætlun um framgang viðræðna ásamt tímasettum markmiðum. Skal sú áætlun liggja fyrir ekki síðar en fjórum vikum eftir að kröfur voru formlega settar fram.

8. Lok viðræðna

Hafi samningar ekki tekist fjórum vikum áður en kjarasamningar renna út skal tekin ákvörðun um það hvort og þá hvenær ríkissáttasemjari taki við stjórn viðræðna.